

Norðurálmót 7. flokks karla á Akranesi

Norðurálmótið á Akranesi er knattspyrnumót fyrir kraftmikla stráka í 7. flokki, sem koma til að skemmta sér í leik og keppni. Á þessu byrjendamóti er er keppt í 7 manna liðum og er ekki keppt til verðlauna. Allir þjálfarar, fararstjórar og fjölskyldur keppenda eru velkomnir á Skagann með strákunum. Á síðasta ári kepptu á mótinu 178 lið frá 31 félögum. Mótið er ætlað strákum fæddir árin 2009 og 2010.

Norðurálmótið verður haldið helgina 23. - 25. júní 2017.

SKRÁNING

Félög skulu skrá liðin á mótið með því að **senda inn skráningarupplýsingar og greiða skráningargjald**. Þegar hvoru tveggja er uppfyllt, þá er **skráningin gild**. Tengilið berst tilkynning um gilda skráningu frá mótsstjórn þegar hún hefur móttekið bæði skráningarupplýsingar og greiðslu skráningargjalds.

Við bjóðum öll lið velkomin á mótið. Þó hefur mótsstjórn alltaf lokaorðið um skráningu og skipulag mótsins.

Skráning fer fram á heimasíðu mótsins <http://www.kfia.is/norduralsmot/> eða með því að senda skráningu á norduralsmot@kfia.is. Skal hún innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn félags
- Fjöldi þátttakenda
- Fjöldi liða
- Tengiliður: Nafn, netfang og símanúmer
- Þjálfari: Nafn, netfang og símanúmer
- Annað sem félag vill koma á framfæri

Skráning er opin 1. - 10. mars 2017

SKRÁNINGARGJALD LIÐA

Skráningargjald er kr. 14.000 fyrir hvert lið (ekki hvert félag) og skal **greiða það samhliða skráningartilkynningu** í einni greiðslu frá hverju félagi.

Innifalið í skráningargjaldi hvers liðs er einn matarpakki fyrir fylgdarmann. Miðað skal við að minnst níu leikmenn séu í hverju skráðu liði.

Skráningargjaldið greiðist inn á reikning 0552-14-400883 kt. 500487-1279. Sendið kvittun á norduralsmot@kfia.is og munið að taka fram fyrir hvaða félag er verið að greiða.

Skráningargjald er óafturkræft og verður ekki dregið frá öðrum greiðslum.

ÞÁTTTÖKUGJALD KEPPENDA

Þátttökugjald hvers keppanda á Norðurálmótið er **kr. 17.000** og skal **greiða það 2 vikum fyrir upphaf móts** í einni greiðslu frá hverju félagi. Innifalið í gjaldinu: Gisting í skólastofu í tvær nætur, kvöldverður á föstudag, morgun-, hádegis- og kvöldverður á laugardag, morgunverður og pulsugrillveisla á sunnudag, kvöldskemmtun og þátttökuvíðurkenning.

Þátttökugjaldið greiðist inn á reikning 0552-14-400883 kt. 500487-1279. Sendið kvittun á norduralsmot@kfia.is og munið að taka fram fyrir hvaða **félag** er verið að greiða.

Ef lið óska eftir að fá matarpakka fyrir aðra fylgdarmenn liðanna þá verður hægt að kaupa þá aukalega á **6.500** kr. stk. í upphafi móts.

Með kveðju, mótsstjórn Norðurálmótsins 2017.